

UMFERÐARLJÓSIN

Lag og texti:
Margrét Ólafsdóttir



Hér á gatna----mót-un--um umferð mikil er. Þú
átt að horfa á ljós-ið sem að snýr á móti þér. Var-úð,
var--úð, veg--far-and--i gáðu' að þér. Var--úð all--ir
þurfa' að sýna' í um--ferð----inn---i hér.

2. Ég er rauða ljósið og ræð nú öllu hér.
Ég ráðlegg þér að stansa þúi annars illa fer.
Rauða, rauða, rauða ljósið logar nú.
Lögum þess við skulum hlýða, bæði ég og þú.

Ég er gula ljósið, nú vertu viðbúinn,
en varastu' allan flýti er þú keyrir bílinn þinn.
Gula, gula, gula ljósið logar nú.
Lögum þess við skulum hlýða, bæði ég og þú.

Ég er græna ljósið og gef nú merki um það
að ganga skuli umferðin, farðu strax af stað.
Græna, græna, græna ljósið logar nú.
Lögum þess við skulum hlýða, bæði ég og þú.

Hér á gatnamótunum umferð mikil er.
Þú átt að horfa á ljósið sem að snýr á móti þér.
Varúð, varúð, vegfarandi gáðu' að þér.
Varúð allir þurfa' að sýna' í umferðinni hér.